

Alþingi
Erindi nr. P 133/1585
komudagur 13.3.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn

um

þingsályktunartillögu, Þskj. 19 - 19. mál:

„Tillaga að þingsályktun um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið.“

Framtíðarlandið er fylgjandi því að gert verði mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda (þ.m.t. jarðhitavirkjanir) fyrir þjóðarbúið. Framtíðarlandið leggur áherslu á að sýnt verði fram á að slíkt mat verði unnið óháð og án íhlutunar Alþingis, ríkisstofnana eða ríkisfyrirtækja.

Slíkt mat verður að taka til helstu umhverfisþátta, þ.m.t. lands, andrúmslofts, vistkerfis og landslags. Einnig teljum við mikilvægt að í slíku mati verði fjallað um þá sérstöðu sem raforkuiðnaðurinn býr við hér á landi, þ.e. að um hann gilda aðrar leikreglur en fyrirtæki almennt.

Tillögu um stöðvun allra frekari stóriðjuframkvæmda a.m.k. til ársins 2012 teljum við óskylt mál.

F.h. Framtíðarlansins,



Viðar Þorsteinsson, starfsmaður skrifstofu

Reykjavík,
7. maí 2007

Framtíðarlandið
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík